

Hvað ætti ég að vita um að vera meðlimur í Herbalife Nutrition?

Hvernig get ég tekið þátt?

Sem meðlimur í Herbalife Nutrition hefur þú rétt til:

- Að kaupa vörur frá Herbalife Nutrition á afslætti til nota fyrir þig eða heimilisfólk þitt.
- Að taka þátt í viðskiptatækifærinu með því að selja vörur frá Herbalife Nutrition til að vinna þér inn smásöluhagnað.
- Að taka þátt í viðskiptatækifærinu með því að stunda nýliðun, þ.e. með því að fá fólk sem vill nota vörur frá Herbalife Nutrition eða selja þær til að innskrá sig hjá fyrirtækinu.


Meirihluti meðlima innskráir sig eingöngu til að fá afslátt af vörunum frá Herbalife Nutrition og tekur ekki þátt í viðskiptunum. Þar af leiðir að árið 2021 fékk dæmigerður meðlimur ekki tekjur frá Herbalife Nutrition.

Hvað ætti ég að vita um viðskiptatækifærið?

- Ekki er gerð nein krafa um innkaup önnur en á byrjunarpakka fyrir meðlimi sem kallast meðlimapakki Herbalife Nutrition (ISK 5,191.00).
- Meðlimir eru ánægðir með að setja sér sína eigin dagskrá og velja hvernig og hvenær þeir sinna viðskiptunum.
- Flestir meðlimir hefja Herbalife Nutrition viðskiptin í hlutastarfi til þess að skapa sér dálitlar aukatekjur með vörusölu til fólks sem þeir þekkja eða verður á vegi þeirra.
- Engin trygging er fyrir tekjusköpun. Eins og gildir um allt viðskiptafólk gengur vel hjá sumum meðlimum en öðrum ekki.
- Velgengi í Herbalife Nutrition viðskiptunum krefst hæfni, dugnaðar og tíma.

Hvernig get ég unnið mér inn tekjur?

Þú getur unnið þér inn tekjur með því að selja vörur frá Herbalife Nutrition sem þú kaupir á afslætti. Upphafsafsláttur þinn er u.þ.b. 25% af tekjustofni*. Því meira sem þú selur þeim mun hærrí verður afslátturinn, upp í að hámarki 50% af tekjustofni*. Til dæmis er upphafsafsláttur af Formula 1, söluhæstu vörunni frá Herbalife Nutrition, sýndur hér til hægri.

	Leiðbeinandi smásöluverð	ISK 8,245.00
	Meðlimaverð (með upphafsafslætti fyrir sendingarkostnað og skatta)	ISK 6,422.50
	Mögulegur hagnaður	ISK 1,822.50

- Ef þú kaupir 10 dósir á þessum upphafsafslætti og selur þær á leiðbeinandi smásöluverði, að undanskildum sendingarkostnaði og sköttum, yrðu tekjur þínar (fyrir útgjöld) ISK 18,225.00.
- Þú getur einnig aflað þeir tekna af vörusölu fólks sem þú ert sponsor fyrir.
- Hins vegar getur þú ekki unnið þér inn tekjur eingöngu af því að vera sponsor fyrir aðra.

Til viðbótar við smásölutekjur, hversu mikið gæti ég unnið mér inn fyrir vörusölu meðlima sem ég er sponsor fyrir?

Árið 2021 var 1,958 meðlimur sem hafði verið innskráður hjá Herbalife Nutrition í minnst 1 (eitt) heilt ár. Til viðbótar við smásöluhagnað unnu 17% þeirra, eða 329, sér inn heildsöluhagnað eða bónusa fyrir vörusölu meðlima sem þeir voru sponsorar fyrir. Hér koma tekjur þeirra á ársgrundvelli, fyrir útgjöld:

Meðlimir í 1 ár + (329)
50% (u.þ.b. 165) unnu sér inn meira en ISK 41,762
Þau 10% sem voru afkastamest (u.þ.b. 33) unnu sér inn meira en ISK 466,959

Hvað ef þetta gengur ekki fyrir mig?

- Þú getur hætt við aðild þína hvenær sem er. Ef þú segir aðildarsamningi þínum upp innan fyrstu 90 daganna getur þú fengið fulla endurgreiðslu á meðlimapakka Herbalife Nutrition.
- Ef þú hættir við aðild þína getur þú skilað óopnuðum vörum sem þú hefur keypt innan síðastliðins árs og fengið fulla endurgreiðslu. Við greiðum meira að segja sendingarkostnað.

Vinsamlegast hafðu samband í síma 800 9896 til að fá frekari upplýsingar.

YFIRLIT YFIR MEÐALBRÚTTÓÞÓKNUN Á ÍSLANDI 2021

* **Tekjustofn:** Þetta er það verðgildi sem hverri vöru er gefið og allir afslættir og tekjuútreikningar byggjast á.